MMF 05.001

Endurmálun steinflata

FLOKKUR	VERKÞÆTTIR	MÆLING
05 Steinfletir	9	Fermetrar

VERKÞÆTTIR

1. Háþrýstiþvottur (150-320 bar).
2. Hreinsa og skafa lausa málningu.
3. Yfirfara steypuskemmdir og lausan múr á flötum, köntum og vatnsbrettum, loka sprungum, viðgerð á járnpunktum og járnum (við miklar skemmd skal fá múrara til að sinna þeim verklið.)
4. Vatnsverja alla viðgerðarfleti.
5. Grunna yfir viðgerðarfleti og beran stein.
6. Þykkhúð á alla lárétta fleti og fínar sprungur.
7. Blettun yfir viðgerðarfleti.
8. Mála tvær umferðir (fer eftir efnisvali og málningarkerfum).
9. Frágangur og þrif.

MÆLING OG UPPGJÖR

- Veggir mælast í fermetrum.
- Þau op sem eru stærri en 2 m² dragast frá þ.e. það sem umfram er 2 m². (þ.e.a.s. 10 m² op, þá dregst 8 m² frá og tveir standa eftir, vegna vinnu við frágang við op, t.d. gluggaop, o.s.frv.)
- Kantar inn að gluggum mælast með veggjum þ.e. ljósop gluggans er minnkað sem nemur kantinum.